



Skipulagslýsing fyrir breytingu á Aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps 2006-2018 - Breyting við Dunhaga, Þéttbýlisuppráttur

Dags. 15. nóvember 2017

1. Inngangur

Hafin er undirbúningur við breytingu á Aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps 2006-2018. Breytingin felur í sér breytta landnotkun á þéttbýlisupprætti við skólasvæði Tálknafjarðar þar sem landnotkun verður breytt frá svæði fyrir þjónustustofnun og opnu svæði til sérstakra nota yfir í svæði fyrir verslun og þjónustu.

2. Staðhættir

Dunhagi á sér langa og merka sögu sem stúkuhús, íbúðarhús, samkomuhús, félagsheimili og ballstaður. Eftir að Dunhagi komst í eigu Kvenfélagsins Hörpu 1962 hafa kvenfélagskonur haft veg og vanda af rekstri hússins og nýtt sér það í þágu fjáröflunar fyrir starfsemi sína á margvíslegan hátt.

Í næsta nágrenni við Dunhaga er Grunnskóli Tálknafjarðar og sundlaugin á Tálknafirði ásamt íþróttahúsi og er aðkoma að svæðinu frá Tálknafjarðarvegi. Enn fremur er aðkoma að tjaldsvæðinu og útivistarsvæði um sömu aðkomu.

3. Helstu forsendur

Ástæða breytingarinnar er sú að gert er ráð fyrir uppbyggingu fyrir ferðaþjónustu á reitnum og stækka þarf reitinn til að rúma skilgreinda landnotkun.



Mynd 1. Breytingarsvæðið er innan rauða rammans.

4. Tengsl við aðrar áætlanir og viðfangsefni breytingar

Breytingin er í samræmi við markmið um:

1.2 gr. Markmið aðalskipulags

Markmið

Að styrkja stoðir og auka vægi ferðapjónustu á svæðinu sem byggir á sérstöðu svæðisins og fjölga gistinguþækjum.

Meginmarkmið

Fjölgun íbúa og atvinnutækifæra í sýslunni.

Atvinnumálafestna sveitarfélaganna samþykkt og hrint í framkvæmd.

Innan atvinnumálafestunnar eru 5 málaflokkar skilgreindir og markmið og leiðir sett fram til að ná tilætluðum árangri og þar kemur m.a. fram:



Mynd 1. Myndin sýnir umræddan reit sem breyta þarf landnotkun.

5. Umhverfismat

Skipulagsbreytingin er ekki háð lögum um mat á umhverfisáhrifum áætlana en skýrt verður frá umhverfisáhrifum í samræmi við 12. gr. skipulagslaga.

6. Ferli verkefnis

Eftirfarandi eru drög að tímaferli og er það birt með fyrirvara um hugsanlegar breytingar.

1. Lýsing aðalskipulagsbreytingar afgreidd af skipulagsnefnd og samþykkt í sveitarstjórn. Áætlaður tími: desember 2017.
2. Lýsing er send til umsagnar Skipulagsstofnunar og annarra umsagnaraðila janúar 2018.
3. Lýsing er kynnt almenningi og hagsmunaaðilum. Áætlaður tími: janúar 2018.
4. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi. Áætlaður tími: febrúar 2018.
5. Tillaga kynnt skipulags- og umhverfisráði og bæjarstjórn. Áætlaður tími febrúar 2018.
6. Lögformlegt auglýsingaferli og umfjöllun. Áætlaður tími mars-apríl 2018.

7. Staðfesting aðalskipulags maí/júní 2018.

Hugmyndir og tillögur verða kynntar yfirvöldum og hagsmunaaðilum með auglýsingu og kynningu í samræmi við ákvæði skipulagslaga. Helstu umsagnaraðilar eru

- Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða.
- Minjavörður Vestfjarða.
- Umhverfisstofnun.

Eftir samþykkt sveitarstjórnar á fullunninni tillögu er hún auglýst í B-deild Stjórnartíðinda til staðfestingar í samræmi við lög.